

121

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr. 1272,62	
2. Eign til næsta árs	— 238,38	— 1511,00

IV. Suðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 167,75	
2. Sýsluvegagjald	— 950,00	— 1117,75

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr. 902,75	
2. Eign til næsta árs	— 215,00	— 1117,75

Skrifstofu Norðuramtsins, 16. júní 1897.

Páll Briem.

122

Skýrsla

um amtsráðsfund Austuramtsins 12—14. júlí 1897.

Ár 1897 hinn 12. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins, amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu, hjeradslækni Þorgrími Þórðarsyni að Borgum, amtsráðsmanni Suðurmúlasýslu, búfræðingi Sigurði Einarssyni á Hafursá og varaamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu, síra Einari Þórðarsyni í Hofteigi, er mætir í forföllum aðalamtsráðsmannsins, prófasts Einars Jónssonar í Kirkjubæ. Amtsráðsmaður Norðurþingeyjarsýslu, hreppstjóri Árni Kristjánsson á Lóni var ókominn, eu kom á 3. degi.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1896 með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
 - d. Gjafasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.
 - f. Bókasafns Austuramtsins.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og samþykkti þá án athugasemda.
2. Framlögð voru eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda:
 - a. Í Austurskaptafellssýslu af fundi 28—29. apríl 1897.
 - b. Í Suðurmúlasýslu af fundum 24—25. sept. 1896 og 28—29. apríl 1897.
 - c. Í Norðurmúlasýslu af fundum 11—12. sept. 1896 og 24—25. marz 1897.

d. I Norðurþingeyjarsýslu af fundi 29. apríl til 1. maí 1897.

122

Amtsráðið gjörði þessar athugasemdir við fundargjörðir sýslanna:

- a. Í Austurskaptafellssýslu. Reikningur um styrktarsjóð Nesjahrepps 1896 var eigi fram lagður, en sýslumaður hefir með brjefi 14. maí 1897 skýrt frá ástæðum fyrir þessu, sem þykja nægilegur.
- b. Í Sudurmúlasýslu:
 1. Eigi var framlagður reikningur um hag styrktarsjóðs í Geithellnahreppi 1895 og var forseta því falið að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að reikningurinn yrði tafarlaust gefinn.
 2. Á fundinum 28—29. apríl 1897 voru framlagðir sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar 1896 og kosinn endurskoðandi reikninganna, en reikningana á að endurskoða fyrir fundinn og ber að gæta þess eptirleidis.
 3. Reikningar hreppanna voru eigi allir komnir til sýslunefndarinnar, en eigi er tekið fram, hverir af reikningunum þetta hafi verið. Þar sem sýslunefndin hefir ákveðið, að dagsektum skuli eptirleidis beitt við þær hreppsnefndir, sem ekki afgreiða reikningana í tækan tíma, vonast amtsráðið til þess, að hreppsreikningarnir verði eptirleidis úrskurðaðir í tæka tíð.
 4. Á fundinum 28—29. apríl 1897 hafa eigi mætt sýslunefndarmenn úr Eiða, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum, án þess að skýra frá forföllum sínum, og er slíkt vítavert.
- c. Í Norðurmúlasýslu:
 1. Á fundinum 11—12. sept. 1896 vantaði sýslunefndarmenn úr Vopnafjarðar-, Fella og Hjaltastadarhreppum og á fundinum 24—25. marz 1897 vantaði sýslunefndarmennina úr Loðmundarfjarðarhreppi, Borgarfjarðarhreppi og Skeggjastadahreppi, án þess sjáist, að þeir hafi haft nokkur forföll, og er slíkt vítavert.
 2. Reikningar um styrktarsjóðsgjald í Vopnafjarðar- og Skeggjastadahreppi hafa eigi verið framlagðir og var oddvita því falið að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fullnægjandi reikningsskil yrði gjörð. Í sýslufundargjörðina vantar að tilgreina upphæðir reikninganna.
 3. Reikningar Vopnafjarðar- og Skeggjastadahrepps voru eigi framlagðir á fundinum. Þar sem slíkt er óhæfilegt, ákvað amtsráðið að eptirleidis skildi beita þvingunarsektum við þær hreppsnefndir, sem eigi afgreiddu reikninga hreppsins á þann hátt, sem ákveðið er í sveitastjórnartilskipuni 20. gr.
 4. Sýslunefndin hefir ákveðið að hreppstjórar skuli greiða burðargjald og borgun fyrir kvittanir frá söfnunarsjóðnum fyrir styrktarsjóðsgjaldi hreppanna, en hreppstjóri hefir fullan rjett til endurgjalds fyrir þetta, og eru ákvæði sýslunefndarinnar því eigi rjett.

d. Í Norðurþingeyjarsýslu:

1. Sýslunefndarmann úr Fjallahrepp vantar, án þess að forföll sju tilgreind, og má slíkt eigi eiga sjer stað.
2. Reikningar yfir styrktarsjóðsgjald í Kelduness- og Fjallahreppum vantaði; um hina reikningana er eigi getið hver upphæð þeirra er og heldur eigi fyrir hvert ár þeir eru.
3. Fram voru lagðir sýslusjóðsreikningar og sýsluvegasjóðsreikningar 1896 úr öllum sýslum amtsins, og var amtsráðsmönnum Austurskaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu falið að endurskoða sýsluvegasjóðsreikningana og amtsráðsmanni Norðurmúlasýslu falið að endurskoða sýslusjóðsreikningana.
4. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 16. f. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið veiti samþykki til þess, að sýslunefnd Austurskaptafellssýslu megi greiða úr sýsluvegasjóði 125 kr., sem tillag til gufubátsferða í Austfirðingafjórðungi 1897. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessarar greiðslu.
5. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 26. apríl þ. á., um 100 kr. styrk til kvennaskólans á Ytriey og frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu um venjulegan styrk til kvennaskóla Eyfirðinga. Ennfremur voru framlagðar skýrslur og reikningar skólanna, sem amtsráðið athugaði. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Ytri-Ey 100 kr. og kvennaskóla Eyfirðinga 50 kr.
6. Framlagt var brjef sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, dags. 5. maí þ. á., með útdrætti úr gjörðabók sýslunefndarinnar, þar sem hún óskar að yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar yrði breytt. En meðal annars er í tillögum sýslunefndarinnar farið fram á, að Geithellnahreppi verði skipt í 2 yfirsetukvennaumdæmi, sem þegar er fyrir löngu ákveðið (sjá Stj.tið. 1889, B, bls. 149), og í annan stað eru tillögur sýslunefndarinnar um breytingarnar svo ógreinilegar, að það verður ekki sjed, hvernig þær koma heim við hin núverandi yfirsetukvennaumdæmi. Fyrir því felur amtsráðið forseta sínum að heimta nánari upplýsingar um hinar fyrirhuguðu breytingar.
7. Forseti skýrði frá breytingum þeim, sem gjörðar höfðu verið á fyrirkomulagi með útlán bóka á amtsbókasafninu á Akureyri. Amtsráðið ákvað, að frá næsta nýári skyldi eigi vera heimtað neitt tillag frá mönnum, sem vilja nota bókasafn Austuramtsins, en frestað til næsta árs að breyta fyrirkomulagi með útlán bóka.
8. Fram voru lagðar umsagnir sýslunefndanna í amtinu um stofnun spítala á Austurlandi, sem amtsráðið athugaði.
9. Forseti skýrði frá brjefaviðskiptum sínum við stjórn búnaðarfjelags Suðuramtsins viðvikjandi stofnun búnaðarfjelags fyrir allt landið, og að hann hefði samkvæmt heimild frá amtsráðsmönnum kosið amtsráðsmann, prófast Einar Jónsson í Kirkjubæ, sem fullrúa amts-

ráðsins, til þess að mæta á fundi búnaðarfjélags Suduramtsins, sem átti að halda 5. þ. m., til að ræða málið og til þess ásamt nefnd, sem væntanlega verður kosin af búnaðarfjelaginu ásamt fulltrúum hinna amtsráðanna, að gjöra ákveðnar tillögur um stofnun búnaðarfjélags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið.

Amtsráðið lýsti yfir því, að það teldi mikilsvert að stofnað væri búnaðarfjelag fyrir allt landið og samþykkti kosningu fulltrúa fyrir Austuramtið.

10. Forseti lagði fram ritgjörð um fjárkláða eptir Magnús Einarsson dýralækni. Eptir að amtsráðið hafði yfirfarið ritgjörðina, ákvað það að veita 100 kr. verðlaun fyrir hana, og fól forseta að sjá um, að henni yrði útbýtt gefins í amtinu.

11. Forseti lagði fram:

a. Skýrslur um fjárskoðanir í Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, sem bera með sjer, að fjárkláðinn er víðsvegar um Þingeyjarsýslu og í tveim hreppum í Norðurmúlasýslu, Skeggjastadahreppi og á 3 bæjum í Selárdal í Vopnafjarðarhreppi.

b. Brjef frá oddvitum og sýslumönnum viðvíkjandi fyrirskipunum um böðun síðastliðinn vetur, svo og skýrslur um böðun í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem bera með sjer, að fyrirskipun þessari hefir að meira eða minna leyti verið óhlýðnast. Ennfremur var fram lagt brjef, dags. 10. apríl þ. á., frá fundi í 5 vestustu hreppum Húnavatnssýslu, þar sem skorað er á amtmann, að láta þá menn sæta sektum, er ætla má að í hverjum hreppi hefðu getað haft mest áhrifin á almenning, til þess að fyrirskipuninni yrði hlýtt.

c. Tillögur sýslunefndanna í Norður- og Austuramtinu á fundum síðastliðinn vetur, sem allar ganga í þá átt, að ráðstafanir verði gjörðar til algjörðrar útrýmingar á fjárkláðanum.

d. Tillögur sýslumannanna í amtinu, um aðstoðarmenn hreppstjóra í hverjum hreppi.

Amtsráðið athugaði skjöl þessi og ræddi málið. Amtsráðið taldi það hið mesta velferðarmál, að þær sýslur í amtinu, sem eru lausar við fjárkláða, verði varðar fyrir sýkinni, og að sýkinni yrði útrýmt, svo fljótt sem unnt er, að minnsta kosti fyrir austan Jökulsá í Axarfirði. Amtsráðið áleit, að, til þess að fá þessu framgengt, væri nauðsynlegt:

1. Að beita tilskipun 5. jan. 1866 með fullum strangleika, þannig að allar kláðasjúkar kindur verði tafarlaust læknaðar og allt sauðfje, sem grunað er um kláða, verði tvíþaðað kláðabaði.

2. Að láta fram fara nú í sumar sóttþreinsun húsa í öllum þeim sveitum í amtinu, sem kláða hefir orðið vart við í síðastliðinn vetur og vor.

26. dag ágústmán. 1897.

122

3. Að framkvæmd verði allmenn fjárskoðun í rjettum í haust á svæðinu milli Jökulsár í Axarfirði og Jökulsár á Brú og að nákvæmar gætur verði hafðar á fjársamgöngum yfir Jökulsá á Brú, og að því verði settur maður til þess, að hafa gæzlu með brúnni hjá Fossvöllum, og að engri kind verði sleppt yfir ána, sem grunur er um að geti borið sóttnæmið, og að kostnaður við þetta verði greiddur af jafnaðarsjóði.
 4. Að veittur verði styrkur af jafnaðarsjóði til þess að útrýma fjárkláða í Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, svo sem svarar 100 kr. fyrir hvern hrepp, þar sem kláðavart verður.
 5. Að settir verði 1—2 menn hreppstjórum til aðstoðar, til þess að skoða fje og framfylgja ráðstöfunum til útrýmingar fjárkládans á svæðinu fyrir austan Jökulsá í Axarfirði, og að kostnaður við þessa aðstoðarmenn verði greiddur af jafnaðarsjóði.
 6. Að allar kindur, sem nokkurn kláðavott hafa, ekki að eins í byggð, heldur og sjerstaklega í afrjettum, verði, þegar fje er safnað á haustum, þegar í stað aðskildar frá öðru og skornar eða teknar til lækningar.
12. Amtsráðið tók til ihugunar, að það væri mjög mikilsvert að fá mann, sem sjerstaklega hefði á hendi, að lækna kláða á sauðfje og leiðbeina bændum í því efni, og fyrir því veitti það 250 kr. styrk af jafnaðarsjóði til þess, að styrkja mann til að læra þessar lækningar, og fól forseta að veita styrkinn einhverjum manni, er væri vel fallinn til þessa starfa.
13. Amtsráðsmaður Norðurmúlasýslu lagði fram sýslusjóðsreikningana, er amtsráðið síðan tók til rannsóknar og úrskurðaði á þessa leið:
Við reikningana úr Norðurþingeyjarsýslu, Norðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugasemdi og voru þeir því samþykktir án athugasemda.
- Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugasemdi:
1. Reikningshaldari hefir eigi tekið til greina athugasemdi amtsráðsins við reikningana 1894 og 1895 um vantaldar 50 kr. í eptirstöðvum, og eru eptirstöðvar reikningsins því vantaldar um 50 kr., sem ber að leiðrjetta í næsta reikningi.
 2. Oddviti hefir reiknað sjer 27 kr. í ferðakostnað á sýslufund, sem er eigi löglegt, en hins vegar hefir hann hvorki reiknað sjer dagpeninga eða endurgjald fyrir sendiferð með skjöl sýslunnar á sýslufund, og virðist þetta hvorttveggja geta talizt 27 kr. og má þetta því jafna sig.
 3. Í fylgiskjali 37 er kostnaður við hundalækningar í Norðfjarðarhreppi 1894 talinn 7 kr. 50 au. í staðinn fyrir 8 kr. 50 au., og þar sem að eins hefir verið borgað út úr sýslusjóðnum kr. 7,50, má endurgjalda hina vantöldu 1 kr.
 4. Fyrir kostnað við hundalækningar í Breiðdalshreppi 1895 hafa verið

- greiddar 30 kr., en að öðru leyti vantar allar upplýsingar um kostnað þenna og ber að senda þær. **122**
5. Kvittun fyrir 50 kr. gjaldalið XIII (fylgiskjal 60) vantar og ber að senda.
14. Amsráðsmenn Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu lögðu fram sýslu-vegasjóðsreikningana, er amtsráðið síðan tók til rannsóknar.
- a. Við reikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.
- b. Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
1. Samkvæmt reikningunum hefir verið greitt úr dánarbúi fyrverandi reikningshaldara Sig. Pjeturssonar 277 kr. 14 au., en þessi upphæð hefir eigi verið talin tekjumegin, og hin sama upphæð talin til jafnaðar útgjaldamegin, eins og á að vera.
 2. Vegagjörð á Hallormsstaðahálsi hefir kostað 60 kr. og úttekt hennar 10 kr. Þar sem um svo litla vegagjörð er að ræða, ber að gæta þess framvegis, að kostnaður við skoðun á vegagjörðinni verði sem minnstur.
 3. Í fylgiskjali 27 er fyrir $6\frac{1}{3}$ dagsverk á 3 kr. reiknað og borgað 19 kr. 50 au. í staðinn fyrir 19 kr. Ber því að endurgjalda 50 au.
 4. Fyrir úttekt á vegagjörð um Reyðarfjörð hefir verið greitt 11 kr., en úttektargjörðina vantar og ber að senda hana.
- c. Við reikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert, að kvittanir vantar fyrir gjaldal. 8 og 9 á fylgiskjali 13 (kr. 8,88 og kr. 2,00), er ber að útvega og senda.
- d. Við reikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
1. Á fylgiskjali 1 eru verkfærir menn í Presthólahreppi taldir 35 og sýsluvegagjald hreppsins talið kr. 43,75, en samkvæmt verkfærraskýrslu hreppsins eru verkfærir menn 53 og er því sýsluvegagjaldið kr. 66,25; er sýsluvegagjaldið því vantalið um kr. 22,50, sem ber að innheimta og endurgjalda.
 2. Til sæluhússbyggingar á Axarfjarðarheiði hefir verið varið 175 kr. og fyrir skoðun á húsinu kr. 16,50, en reikning fyrir sæluhúsbyggingunni eða samning um það, svo og úttektargjörðina vantar, og ber að senda skjöl þessi.
 3. Athugasemdir endurskoðanda fylgdu eigi reikningnum og ber að senda þær.
15. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eiðum 1896—97.
- a. Reikningur yfir tekjur og gjöld skólans.
 - b. Viðskiptareikningur skólasjóðs og skólabús.
 - c. Jafnaðareikningur skólabúsins 6. júní 1897.
- Amsráðið yfirför reikninga þessa og úrskurðaði þá.
16. Framlagt var brjef hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi, dags. 10. f. m., þar sem hún kvartar yfir því, að sýslunefnd Norðurþingeyjarsýslu hafi á fundi sínum 29. apríl til 1. maí þ. á. veitt samþykki sitt til þess, að hreppsnefndin í Svalbarðshreppi gæfi Maríu nokkurri Finnbogadóttur eptir sveitar-skuld og óskar að amtsráðið vildi hlutast til um, að Svalbarðshreppi veitist

122

ekki heimild til þess, að gefa Maríu þessari upp sveitarskuldina. Amtsráðið fann eigi ástæðu til að taka þessa beiðni til greina.

17. Amtsráðsmaður Austurskaptafellssýslu gat þess, að bókfærslu í hreppum myndi sumstaðar vera ábótavant, og Stjórnartíðindi hreppanna mundu sumstaðar eigi geymd svo sem skyldi.

Fyrir því fól amtsráðið forseta sínum, að brýna fyrir sýslumönnum að skoða bækur hreppsnefndanna einu sinni á ári, einkum á manntalsþingum, og að brýna fyrir sýslunefndum að sjá um, að Stjórnartíðindi hreppanna verði höfð í góðum skilum.

18. Var gjörð svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1898:

Tekjur:	
1. Vætanlegar eptirstöðvar	kr. 1200,00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	<u>— 2500,00</u> — 3700,00
Gjöld:	
1. Kostnaður við amtsráðið	— 850,00
2. Til heilbrigðismála	— 100,00
3. Til menntamála:	
a. Til bókakaupa handa Eiðaskóla	kr. 100,00
b. — kvennaskóla á Ytríey	— 100,00
c. — — Eyfirðinga	— 50,00
d. — bókasafns Austuramtsins	<u>— 500,00</u> — 750,00
4. Afborgun og vextir af láni til Skjálfandafljótsbrúar	— 81,48
5. Til útrýmingar fjárkláðanum	— 1200,00
6. — styrktar handa manni til að læra kláðalækningar	— 250,00
7. Óviss útgjöld	— 468,52
	<u>kr. 3700,00</u>

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundi slitið.

Páll Briem. Þorgr. Þórðarson. Sigurður Einarsson.

Árni Kristjánsson. Einar Þórðarson.

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 22. júlí 1897.

Páll Briem.

123

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1896.

Tekjur:

- I. Í sjóði við árslok 1895:
- | | |
|--|------------------------|
| a. Óborgað jafnaðarsjóðsgj. úr Suður-Múlasýlu 1894 | kr. 217,10 |
| b. — — — — sömu sýslu 1895 | — 6,50 |
| | <u>Flyt kr. 223,60</u> |